



Alþingi
Erindi nr. P 138/1011
komudagur 25.1.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 25. janúar 2010

Tilvísun: 2009120201

50.03

Tilvísun yðar: 218., 218., 227., 229., 277., 278. og
259. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. desember 2009, þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjóra um eftirfarandi sjö þingmál. Umsögn embættisins fylgir hér fyrir neðan.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 218. Mál.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 219. mál.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, 227. mál.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

X **Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 229. mál.**

Ríkislögreglustjóri gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið:

Um XIII. kafla, viðurlög.

Eins og segir í athugasemdum frumvarpsins um XIII. kafla var ákvæðum kaflans bætt inn í lög um váttryggingastarfsemi með lögum nr. 55/2007.

Lög nr. 55/2007 byggja á frumvarpi um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármáلامarkaði sem var samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum.

Frumvarpið sem hér er til umsagnar leggur aðeins til nokkrar breytingar á ákvæðum kaflans vegna tilfærslna á greinum, brottfalls greina og nýrra greina.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra gaf, með bréfi dags. 22. febrúar 2007, umsögn um frumvarpið sem varð að lögum nr. 55/2007 lá fyrir Alþingi.

Efni þeirrar umsagnar er hér ítrekað. Sjá meðfylgjandi bréf.

Um 2. mgr. 97. gr.

Málgreinin er eftirfarandi: „Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum 1. mgr. 6. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum.“

Ekki er hægt að líta á gróft og ítrekað brot öðru vísi en sem meiriháttar brot. Þessu broti ætti því ætíð að vísa til lögreglu enda er gróft brot framið með sérstaklega vítaverðum hætti, sbr. 103. gr. frumvarpsins.

Um 3. mgr. 97. gr.

Ríkislögreglustjóri leggur til, eins og kemur fram í ofangreindri umsögn, að heimild Fjármálaeftirlitsins til sekta verði eingöngu í málum þar sem sektir yrðu undir ákveðinni fjárhæð, önnur og alvarlegri mál sæti kæru til lögreglu.

Um 98. gr.

Ríkislögreglustjóri vill sérstaklega ítreka að mikilvægi þess að farið sé að þeim tillögum sem koma fram í nefndri umsögninni um sáttir. Það sem fæli í sér breytingu á 98. gr. frumvarpsins.

Um 103. gr.

Hætt að var nota hugtakið opinbert mál með nýjum sakamála lögum nr. 88/2008 sem tóku við af lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Þá var tekið upp hugtakið sakamál. Hugtakið opinber rannsókn á því ekki við, heldur frekar rannsókn sakamáls eða sakamálarannsókn.

Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, 277. mál.

Ríkislögreglustjóri er með tvær eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Um 5. gr. *Kröfur til skjalagerðar.*

Eðlilegra nafn á greininni væri *kröfur til framlagðra skjala*, þar sem ekki er verið að fjallað um skjalagerð í henni. Ekki verður séð hvaða kröfur eru gerðar til framlagðra skjal samkvæmt henni. Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu leyfisveitanda á að viðurkenna skjöl frá öðrum EES-ríkjum. Í 2. mgr. er hins vegar kveðið á um að ekki megi krefjast þess að skjal frá öðru EES-ríki sé frumrit, staðfest endurrit eða lögilt þýðing nema slík krafa sé rökstudd með vísan til brýnna almannahagsmuna. Ávallt ætti að vera skylda á aðila sanna gildi skjala frá öðrum EES-ríkjum. Eðlilegt væri að heimilt væri að krefjast staðfests endurrits á skjali frá öðru EES-ríki.

Um 4. mgr. 10. gr. *Málsmeðferð við leyfisveitingar.*

Eðlilegt er að þegar umsókn er hafnað sé skylda um að tilgreina um tiltækar kæruleiðir, eins

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
og þegar staðfest er móttaka umsóknar, sbr. 3. mgr.

**Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri
markaði Evrópska efnahagssvæðisins, 278. mál.**

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

**Frumvarp til laga til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, 259.
mál.**

Viðurlagakafli (VII.) frumvarpsins svipar mjög til viðurlagakafla frumvarps til
vátryggingarlaga sem fjallað er um hér að ofan og á einnig rætur að rekja til laga nr. 55/2007.
Vísast því til umsagnar hér að ofan um sama efni að breyttum breytanda.

F.h. RLS


Thelma Clausen Þórðardóttir 
Eydísur Arnmannsson



Alþingi
Erindi nr. P 133/1415
komudagur 2.3.2007

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 22. febrúar 2007

Tilvísun: 2007020017

50.03


Nefnarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til breytinga á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði 523 mál

Í umræddu frumvarpi er gengið mjög langt í að veita Fjármálaeftirlitinu heimildir til að sekta einstaklinga og fyrirtæki vegna brota gegn löggjöf á fjármálamarkaði. Er í frumvarpinu gengið lengra en þekkest í nágrannalöndunum í þessu efni og lengra en þekkest á öðrum sviðum hjá innlendum eftirlitsaðilum, ef frá er talin samkeppnisyfirvöld sem lúta nokkurri sérstöðu. Sektor geta verið mjög háar eða allt að 20 milljónir króna á einstaklinga og 50 milljónir króna á fyrirtæki. Meðal raka fyrir þessum tillögum eru þau að það sé hagkvæmara að fara þessa leið en beita rannsókn og ákærumeðferð auk þess sem ekki sé nægjanlega búið að lögreglu þekkingarlega til að annast þessi mál. Þessi rök eru ófullnægjandi að álitni saksóknara efnahagsbrota.

Í fyrsta lagi er í frumvarpinu gengið allt of langt í að slaka á réttarvernd sem mönnum er tryggð í hinu hefðbundna refsivörslukerfi og hafa verið talin sjálfsögð. Í öðru lagi er ekkert því til fyrirstöðu að lögregla annist sáttagerðir og ákærumeðferð þessara mála ef það er vilji til að gera meðferð þeirra fljótvirkari og einfaldari. Saksóknari efnahagsbrota telur að umræða um þekkingar og getuleysi lögreglu til að sinna þessum málum sé fráleit. Það á að styrkja saksóknara efnahagsbrota til að koma sér upp þessari þekkingu í auknum mæli og veita honum heimildir til að bjóða lögreglustjórásáttir að þessum fjárhæðum sem í frumvarpinu eru nefndar. Þetta gefur sakborningum færi á að neita sáttum og sæta ákæru ella ef hann svo kys, í stað þess að sæta einhliða sektargerð stjórnvalds. Þetta tryggir að annað stjórnvald fjallar um málið en sá sem byrjar það, viðkomandi fær réttarstöðu sakbornings með öllu því sem henni fylgir og nýtur réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi kjósi hann að nýta sér þann rétt. Í þriðja lagi virðist viðurlagakerfi hjá eftirlitsaðilum vaxa án nokkurns samræmis á meðan litið er framhjá hefðbundinni meðferð sakamála sem tryggir best réttláta málsmeðferð og réttarstöðu sakborninga. Lagt er til að frumvarpinu verði breytt þannig að Fjármálaeftirlitinu verði eingöngu heimilað að gera sáttir við sakborninga í minnstu málum og þær verði aldrei hærri en t.d. 6 milljónir króna, önnur og alvarlegri brot sæti kærú til lögreglu. Fyrirmynd að þessu fyrirkomulagi má sækja í nýlega breytingu sem gerð var með lögum nr. 134, 2005 um breytingu á skattalögum sem heimila Skattrannsóknarstjóra ríkisins að bjóða sakborningi upp á sátt allt að þessari fjárhæð. Mikill munur er á hvort um sáttargerð er að ræða þar sem mönnum er boðið að undirgangast refsingu en sæta ella kærú til lögreglu eða hvort eftirlitsaðili leggi einhliða sektir á sömu aðila.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
Saksóknari efnahagsbrota leggur til að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt.


Helgi Magnus Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota